

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/27

frá 27. september 2021

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 að því er varðar breytingu á viðeigandi viðmiðunarmörkum fyrir tilkynninguna um verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 kveða á um skyldu um tilkynna lögbærum yfirvöldum um verulegar hreinar skortstöður í tengslum við útgefið hlutafé félags, ef hlutabréf þess hafa verið tekin til viðskipta á viðskiptavettvangi í Sambandinu, þegar staðan nær eða fer undir viðeigandi tilkynningarmörk. Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin fylgist með því hvort slík viðeigandi tilkynningarmörk séu enn við hæfi í ljósi þróunar á fjármálamörkuðum og meti hvort nauðsynlegt sé að breyta þeim mörkum í samræmi við 4. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Snemma árs 2020 leiddi umtalsverður söluprýstingur og óvenjulegt flökt vegna uppkomu COVID-19 á heimsvísu til verulegrar spiralmýndunar niður á við í verði, sem hafði áhrif á útgefendur í öllum geirum á fjármálamörkuðum. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) nýtti sér ihlutunarvald sitt við sérstakar aðstæður til að lækka viðeigandi tilkynningarmörk tímabundið fyrir verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum, til að bæta vöktun bæði Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og eftirlitsyfirvalda á slíkum stöðum, ákvarða hvort strangari aðgerða kunni að vera þörf og til að geta brugðist fljótt við.
- 3) Þar sem, vegna hlutfallslega bættra markaðsaðstæðna, ekki var hægt að framlengja sem neyðarráðstöfun lægri viðeigandi tilkynningarmörk fyrir verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum, sem hafa verið til staðar í tólf mánuði samfelld, þykir rétt að meta áhrif slíkra ráðstafana og ákvarða hvort gera ætti þau varanleg með því að skipta út fyrirliiggjandi mörkum. Í þessu tilliti tekur framkvæmdastjórnin tillit til álitsins ⁽²⁾ sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gaf út 13. maí 2021.
- 4) Nýleg þróun á fjármálamörkuðum sem framkvæmdastjórnin hefur tekið eftir, eins og sá óstöðugleiki sem uppkoma COVID-19 á heimsvísu veldur, sem hefur leitt til þess að eftirlitsyfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa oftár gripið til neyðarráðstafana í tengslum við skortsölu, ásamt vaxandi hættu á því að almennir fjárfestar taki þátt í skortsalaþvingun, hefur undirstrikað mikilvægi þess að safna viðbótarupplýsingum um verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum að staðaldri, sem skiptir sköpum fyrir markaðseftirlit. Í þessu samhengi taldi Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að lægri viðeigandi tilkynningarmörk hafi bætt gagnsæi og eftirlit með verulegum hreinum skortstöðum í hlutabréfum á einstaklings-, geira- og markaðsvísu á umtalsverðan hátt, og leitt til aukinnar skilvirkni eftirlits. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taldi einnig að jafnarkostnaður markaðsaðila við innleiðingu ætti að vera óverulegur að teknu tilliti til þess að þeir hafa beitt slíkum mörkum í nokkra mánuði. Jafnframt telur framkvæmdastjórnin að forðast ætti óvissu gagnvart skýrslugjafarskyldu og að reglur og skyldur ættu í þessu tilliti að vera stöðugar. Á þeim grundvelli og með tilliti til þeirra tilmæla sem sett eru fram í áli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem framkvæmdastjórnin er sammála, þykir rétt að breyta núverandi viðeigandi tilkynningarmörkum og setja þau varanlega við 0,1 %.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1.⁽²⁾ ESMA70-156-4262.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 236/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 kemur eftirfarandi:

„2. Viðeigandi tilkynningarmörk eru hlutfall sem jafngildir 0,1% af útgefnu hlutafé viðkomandi félags og hvert 0,1% umfram það.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula von der Leyen

forseti.
